

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 25. janúar 2001

um frestun, með tilliti til tiltekings færanslegs þrýstibúnaðar, á þeim degi sem tilskipun ráðsins 1999/36/EB kemur til framkvæmda

(tilkynnt með númeri C(2001) 139)

(Texti sem varðar EES)

(2001/107/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 1999/36/EB frá 29. apríl 1999 um færanslega þrýstibúnað⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Engar nákvæmar tækniforskriftir eru til um þrýstitromlurnar, hólkasamstæðurnar og tankana sem um getur í 2. gr. tilskipunar 1999/36/EB og ekki hefur verið bætt við fullnægjandi tilvísun til viðkomandi Evrópustaðla vegna þessa búnaðar í viðaukunum við tilskipun ráðsins 94/55/EB frá 21. nóvember 1994 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi flutning á hættulegum farmi á vegum⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/61/EB⁽³⁾ og við tilskipun ráðsins 96/49/EB frá 23. júlí 1996 um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar flutninga á hættulegum farmi með járnbrautum⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/62/EB⁽⁵⁾. Því ber að fresta þeim degi sem tilskipunin um þennan færanslega þrýstibúnað kemur til framkvæmda.
- 2) Í 18. gr. tilskipunar 1999/36/EB er kveðið á um að á 24 mánaða aðlögunartímabili, sem hefst við gildistöku þessarar tilskipunar, skuli aðildarríkin leyfa markaðssetningu og notkun færanslegs þrýstibúnaðar, sem samrýmist reglugerðunum sem gilda á yfirráðasvæði þeirra fyrir 1. júlí 2001. Því ber einnig að fresta dagsetningunni þegar því tímabili lýkur.

- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 15. gr. tilskipunar 1999/36/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 1999/36/EB er gildistökuþegi téðrar tilskipunar hér með frestað til 1. júlí 2003 að því er varðar þrýstitromlur, hólkasamstæður og tanka.

2. gr.

Aðildarríkin skulu leyfa markaðssetningu og notkun búnaðarins, sem um getur í 1. gr. og sem samrýmist reglugerðunum sem gilda á yfirráðasvæði þeirra, fyrir 1. júlí 2003 í 24 mánuði frá þeim degi og leyfa að slíkur búnaður, sem er settur á markað fyrir þann dag, sé tekinn í notkun síðar.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. janúar 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

varaforseti

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 138, 1.6.1999, bls. 20.

⁽²⁾ Stjttíð. EB L 319, 12.12.1994, bls. 7.

⁽³⁾ Stjttíð. EB L 279, 1.11.2000, bls. 40.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB L 235, 17.9.1996, bls. 25.

⁽⁵⁾ Stjttíð. EB L 279, 1.11.2000, bls. 44.